

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 13

Dags. 10.8.2010

Fundargerð Skipulags og Umhverfisnefndar 10.08. 2010

Mættir allir aðalmenn:

Ásvaldur Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Benónýsson, Guðrún Tryggvadóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

1. Sigríðarstaðir, stækkun lóðar nr. 176153

Stækkun núverandi lóðar nr. 176153 í landi Sigríðarstaða úr 2515 fm. í 52.107 fm. sbr. uppdrátt Guðmundar Gunnarssonar hjá Búgarði, dag. 01.03. 2010. Jafnframt er óskað eftir því að lóðarviðbótin verði leyst úr landbúnaðarnotum.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki það.

Farið er fram á framkvæmdaleyfi fyrir nýja vegtengingu að frístundahúsum í landi Sigríðarstaða og heimild til malarnáms allt að 5000 rúmm. úr gamalli námu á jörðinni.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en beinir því til sveitarstjórnar að hafa samráð við vegagerðina um vegtenginguna við þjóðveg nr. 1

2. Stofnun lóðar á Hólkoti.

Umsókn frá Olgu Ásrún Stefánsdóttur og Sigurjóni Bergi Kristinssyni um stofnun lóðar úr landi Hólkots.

Nefndin frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar vegna skorts á gögnum og vöntunar á formlegu erindi.

3. Sala lands undir sumarhúsalóð á Sunnuhvoli.

Beiðni frá Jóni A. Gunnlaugssyni um umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðrar sölu á 5,05 ha. úr jörðinni Sunnuhvoli í Bárðardal.

Nefndin leggst ekki gegn sölnunni en bendir á að æskilegt væri að ræktanlegt land verði ekki tekið úr landbúnaðarnotum samanber stefnu sveitarfélagsins varðandi landnotkun í drögum að aðalskipulagi.

4. Erindisbréf nefndarinnar.

Farið yfir erindisbréf nefndarinnar, afgreiðslu frestað til næsta fundar